

From: Kristín Andrea Þórðardóttir [kristinandrea@gmail.com]
Sent: 7. maí 2012 01:47
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: athugasemdir vegna rammaáætlunar

*Alþingi
Erindi nr. 10/2012
komudagur 7.S. 2012*

Ég, Kristín Andrea Þórðardóttir kt. 060976-369, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaráðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Ég er fædd og uppalin á Suðurnesjum og hugsa til þess með hryllingi ef Reykjanesfólkvandur verður nýttur sem jarðhitasvæði á þennan hátt. Náttúrufegurðin og hráleikinn sem þarna ríkir er þess valdandi að ég fer ætíð með erlenda gesti þangað sem til mín koma, fer sjáld í göngur eða tek upp kvikmyndaefni þarna, en ég er framleiðandi í þeim geira... Þetta má ekki ná fram að ganga og bara í guðana bænum, má ekki fara að slaka á í þessum virkjanaframkvæmdum? Nóg er komið!

Kristín Andrea Þórðardóttir